



Reykjavíkurborg

Borgarstjórnin í Reykjavík

Reykjavík, 12. október 2021

R21100280

31661

Borgarráð

Viðræður varðandi nýtt útilistarverk og stoppistöð Borgarlínu við Fríkirkjuveg

Lagt er til að borgarráð taki jákvætt í hjálagt erindi Listasafns Íslands, dags. 7. október 2021 og samþykki að fela umhverfis- og skipulagssviði að eiga samstarf við Listasafn Íslands, Vegagerðina og Betri samgöngur ohf. varðandi nýtt útilistarverk Listasafns Íslands í tengslum við stoppistöð Borgarlínu á Fríkirkjuvegi. Samráð verði haft við menningar- og ferðamálasvið í samræmi við samþykktir um staðsetningu listar í almenningsrými.

Dagur B. Eggertsson

Hjálagt:

Borgarlína og nýtt útilistarverk, bréf frá Listasafni Íslands, dags. 7. október 2021



Listasafn Íslands
National Gallery
of Iceland

Laufásvegur 12
101 Reykjavík

Sími: 515 9600

list@listasafn.is
listasafn.is

Borgarstjóri
Dagur B. Eggertsson

dagur.b.eggertsson@reykjavik.is

Reykjavík, 7.10.2021
Focal 2021-0003

Efni: Borgarlína og nýtt útilistarverk

Listasafn Íslands hefur í nokkurn tíma haft áhuga á að safnið eignist nýtt útilistarverk eftir leiðandi íslenskan listamann. Er þá sérstaklega verið að horfa til þess að verkið verði sett upp í næsta nágrenni aðalbyggingar safnsins við Fríkirkjuveg í Reykjavík. Fyrir framan safnið eru í dag tvær stytur eftir Sigurjón Ólafsson sem settar voru upp þegar safnhúsið var tekið í notkun 1988.

Útilistarverk í almannarýminu við safnið er spennandi viðbót við þá glæsilegu safneign sem Listasafn Íslands á og varðveitir og endurspeglar íslenska listasögu frá aldamótunum 1900 til dagsins í dag. Minnstur hluti þeirra er útilistarverk en Listasafn Íslands á hátt í 14 000 verk. Verkið gæti skapað nýtt kennileiti í Reykjavík og dregið athygli íbúa og gesta að þjóðlistasafninu sem situr á þessum fallega stað í hjarta miðborgarinnar.

Fyrir dyrum eru breytingar á Fríkirkjuvegi þegar Borgarlínu verður komið fyrir þar. Samkvæmt Frumdragaskýrslu frá janúar 2021 er gert ráð fyrir stoppistöð Borgarlínu við Fríkirkjuveg.

Fyrir hönd Listasafns Íslands lýsi ég hér með yfir áhuga á samstarfi við Reykjavíkurborg, Vegagerðina og Betri samgöngur um að skoða þann möguleika að nýtt listaverk í safneign Listasafns Íslands gæti orðið stór hluti af heildarútliti stoppistöðvar Borgarlínu á Fríkirkjuvegi, jafnvel með þeim hætti að verkið gæti verið stoppistöðin sjálf sé áhugi fyrir að hnika staðsetningu stöðvarinnar og skoða fleiri möguleika.

Við Listasafn Íslands starfar innkaupanefnd (skv. lögum nr. 64/2012).
Henni er ætlað að stýra innkaupum listaverka í safneign.
Innkaupanefnd safnsins myndi hafa umsjón með kaupum á umræddu
útilistaverki kæmi til samstarfsins enda hafi hún yfirsýn yfir þau verk
sem til eru og þekkingu á hvað gæti hentað.

Í ljósi ofangreinds óskar Listasafn Íslands eftir viðræðum við þig og
aðra viðtakendur bréfsins um þessa hugmynd.

Með kærri kveðju,

A handwritten signature in blue ink, appearing to read 'Hlora Þorbjörg'.

Sent til:

Borgarstjórans í Reykjavík
Forstjóra Vegagerðarinnar
Framkvæmdastjóra Betri samgangna ohf.